

# Álagið eykst stöðugt

Segir Hildur Svavarsdóttir heilsugæslulæknir

„Það sem hefur breyst hvað mest á undanförunum árum er hvernig álagið hefur aukist á okkur heimilislæknana. Við erum með sjúklinga inni á stofu eða í símanum hjá okkur allan vinnudaginn auk þess að sinna ýmsum tilfallandi erindum þannig að stundum gefst varla tími til að taka matartíma,“ segir Hildur Svavarsdóttir, heilsugæslulæknir í Hvammi, en hún hefur tæplega tíu ára reynslu af heimilislækningum. Hún segir sparnaðaraðgerðir undanfarið valda því að áður var pappírsvinnan unnin í yfirvinnu en nú hefur yfirvinnan verið tekin af svo pappírsvinnan er unnin í dagvinnunni. „Þetta hefur áhrif á þjónustuna því við getum sinnt færri sjúklingum en þó er tilhneigingin sú að vinna hraðar svo hægt sé að sinna sem flestum.

Hildur segir að samhliða því að álagið hafi aukist þá geri skjólstæðingarnar meiri kröfur til læknisins en áður var. „Það er ekki nóg að skrifa lyfseðil og segja sjúklingnum að taka töflu. Fólk vill vita hvað það er að taka, hvaða kostir og gallar eru á því, heyra um aukaverkanir og ræða ýmsar aðferðir sem það hefur lesið sér til á netinu eða í blöðunum, séð í sjónvarpinu eða heyrt aðra tala um. Fólk er almennt miklu betur upplýst en áður var og gerir jafnframt meiri kröfur um upplýsingar.“

Þetta kallar á að lækarnir fylgist vel með umræðunni í þjóðfélaginu auk þess að lesa sér til í faglegum tímaritum og sækja endurmenntunarnámskeið heima og erlendis. „Vissulega eigum við rétt á námsleyfi en flest af þessu gerir maður nú orðið í sínum eigin tíma því á stofunni er yfirleitt aldrei tími til að lesa grein eða kynna sér eitthvert læknisfræðilegt efni. Það gefst einfaldlega aldrei næði til slíks. Reyndar er á sumum stöðvum ætlaður smá tími í endurmenntun en margir neyðast til að nýta hann bara í pappírsvinnu. Svo bætist við að meðalaldur þjóðarinnar er hækkandi þannig að fleiri skjólstæðingar eru eldri og þá fylgja yfirleitt fleiri sjúkdómar sem skjólstæðingurinn vill fá að ræða í hverri heimsókn sem auðvitað tekur lengri tíma en að sinna einu og kannski einfaldara vandamáli hjá annars heilsuhraustu fólki. Umræða um geðheilbrigði hefur einnig aukist þannig að skjólstæðingarnir eru farnir að ræða meira um andlega líðan sína sem er auðvitað gott en slík viðtöl taka yfirleitt einnig lengri tíma.“

## Fólk vill meiri upplýsingar

Kreppan og afleiðingar hennar á heilsufar og andlega líðan fólks kemur hvað skýrast fram í starfi heilsugæslulæknanna. „Í fyrstu var eins og fólk væri dofið en síðan hefur þetta aukist jafnt og



þétt. Margir koma með uppsöfnuð vandamál, ekki eitt heldur þrjú eða fjögur, og það stafar oftast ekki af því að fólk er að spara sér heimsóknirnar og það er farið að bera á því að fólk þori ekki að taka sér frí úr vinnu til að koma til læknis og vill því helst leysa öll mál í einni heimsókn. Fólk spyr líka hvað lyfin kosta sem maður er að skrifa og oft er spurt hvort til sé ódýrara lyf. Þessu velti maður ekki fyrir sér fyrir tíu árum. Nú skiptir hver þúsundkall máli fyrir fólk og við verðum að fylgjast vel með þessu. Þá hefur einnig bæst við að ýmsum lyfjum sem fólk hefur verið að taka hefur verið skipt út fyrir önnur ódýrari og fyrir okkur þýðir þetta ótal auka símtöl þar sem fólk hringir og vill vita hvort nýja lyfið sé jafngott og það gamla, hvort aukaverkanir séu aðrar og svo framvegis. Fólk vill fá almennileg svör og það á auðvitað fullan rétt á þeim. En það er eins og kerfið geri ekki ráð fyrir álaginu sem þessu fylgir.“

Hildur segir það sannarlega áhyggjuefni hversu lítil nýliðun er í röðum heimilislækna. „Ef vel ætti að vera þyrfti helmingur nýútskrifaðra lækna að leggja fyrir sig heimilislækningar. Eins og staðan er í dag þá er þetta innan við fjórðungur. Það blasir því við að innan fárra ára stöndum við frammi fyrir alvarlegum skorti á heimilislæknum ef ekkert breytist. Það hefur ekki þótt eftirsóknarvert að fara í heimilislækningar en eini starfsvettvangur heimilislækna eru heilsugæslustöðvarnar.“

Hildur segir að eflaust hafi það haft áhrif á val ungra lækna á sérgrein að nánast hefur verið ómögulegt að starfa sjálfstætt sem heimilislæknir á Íslandi við núverandi aðstæður. „Þetta skipti meira máli fyrir hrunið því vissulega er starfsöryggi fólgið í því að vinna innan heilsugæslunnar. Þetta er að koma í bakið á okkur núna þar sem á undanförunum árum hafa allt of fáir lagt fyrir sig heimilislækningar. Nú vantar lækna á heilsugæslustöðvarnar.“

„Fólk er almennt miklu betur upplýst en áður var og gerir jafnframt meiri kröfur um upplýsingar.“  
segir Hildur Svavarsdóttir heimilislæknir.

